

**SAMKEPPNI
UM HÚS
LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS
Í MIÐBORG REYKJAVÍKUR**

KEPPNISLÝSING

Verkkaupi: LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS OG
SAMSON PROPERTIES EHF.
Samstarfsaðilar: ARKITEKTAFÉLAG
ÍSLANDS OG MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI

EFNISYFIRLIT

1	Inngangur.....	3
1.1	Aðdragandi	3
1.2	Markmið.....	3
1.3	Tilhögun keppinnar	4
1.4	Sjónarmið dómnefndar	5
1.5	Verðlaun	6
1.6	Höfundaréttur.....	6
1.7	Tungumál.....	6
2	Lýsing verkefnis.....	7
2.1	Helstu sjónarmið Listaháskóla Íslands.....	7
2.2	Byggingareitir og helstu stærðir	8
2.3	Umhverfi og samhengi.....	11
2.3.1	Frakkastígsreitur	11
2.3.2	Hverfisgötureitur.....	12
2.4	Umferð og aðkoma	13
2.5	Veðurfar.....	13
2.6	Hús Listaháskóla Íslands	13
2.6.1	Parfaggreining - starfsemislýsing	13
2.6.2	Rýmislýsing.....	13
2.6.3	Kostnaðarviðmið	14
3	Tæknileg tilhögun samkeppinnar	15
3.1	Réttur til þátttöku	15
3.2	Samkeppnisgögn.....	15
3.3	Samkeppnistillögur	16
3.4	Fyrirspurnir	17
3.5	Skilafrestur, merking og afhending tillagna.....	17
3.6	Dómnefnd, ritari dómnefndar og ráðgjafar	18
3.7	Trúnaðarmaður.....	18
3.8	Úrslit	19
3.9	Sýning.....	19
3.10	Hagnýting keppnistillagna.....	19
3.11	Afhending keppnistillagna.....	19
3.12	Samþykki keppnislýsingar	20

1 Inngangur

Listaháskóli Íslands (hér eftir nefndur LHÍ) og Samson Properties ehf. (saman nefnd verkkaupi) í samvinnu við menntamálaráðuneyti bjóða til framkvæmdasamkeppni um hönnun byggingar LHÍ skv. keppnislýsingu þessari og samkeppnisreglum Arkitektafélags Íslands.

1.1 Aðdragandi

Allt frá stofnun LHÍ árið 1998 hefur verið á döfnni að byggja hús sem geti hýst alla starfsemi skólans sem nú er dreifð víðsvegar um borgina. Um langt skeið hefur verið reynt að finna skólanum stað og hafa ýmsar staðsetningar verið athugaðar, bæði í miðborginni, nær henni og fjær, og þá sérstaklega reynt að meta hvernig starfsemi skólans gæti samrýmst umhverfinu og hvaða líf skólinn gæti gefið samfélaginu til baka. Alltaf hefur það verið niðurstaðan að skólanum yrði best valinn staður í miðborginni í tengslum við götulífið, þar sem almenningur gæti átt greiðan aðgang og skólinn gæti orðið kraumandi afl í borgarlífinu.

Samkomulag sem gert var um mitt ár 2007 milli Listaháskóla Íslands, Reykjavíkurborgar og menntamálaráðuneytis hefur gert skólanum kleift að eignast lóð í hjarta miðborgarinnar, eða á svonefndum Frakkastígsreit. Gerður hefur verið samningur við fasteignafélagið Samson Properties ehf. um hönnun og byggingu skólans sem mun fara fram að aflokinni hönnunarsamkeppni. Að baki samkomulaginu er samningur LHÍ og menntamálaráðuneytis frá 7. maí 2007 um sérstakt húsnæðisframlag til þess að skapa rekstrarskilyrði fyrir nýbyggingu LHÍ.

1.2 Markmið

Helstu markmið keppinnar eru eftirfarandi:

- Markmið keppni þessarar er að fá fram tillögur sem verði grundvöllur að hönnun bygginga sem hýsa munu alla starfsemi skólans frá haustinu 2011.
- Byggingar verði í háum gæðaflokki hvað varðar fagurfræði og listrænt gildi, hæfi vel byggð umhverfis keppnissvæðið og falli að miðborgarumhverfinu, enda í hjarta Reykjavíkur. Byggingarnar verði því mikilvægur hluti af ásýnd miðborgarinnar.
- Sérstök áhersla er lögð á metnaðarfullan arkitektúr sem felur í sér frumlega hugsun og hugmyndaríka útfærslu.
- Tæpur þriðjungur húsnæðisins verður opinn fyrir almenning og mun skólinn þannig glæða miðborgina lífi með fjölbreytilegu menningarframlagi. Með tilkomu Listaháskóla Íslands í miðborgina verði því brotið blað í sögu menningar og lista.

- Byggingar skulu svara vel þörfum Listaháskólans um fyrirkomulag og tengingu rýma eins og því er lýst í þarfagreiningu skólans.
- Hönnun skal styðja skipulagsmarkmið og áætlanir Reykjavíkurborgar um miðborgina, t.d. skal á jarðhæðum gert ráð fyrir að starfsemi uppfylli kröfur borgarskipulags um notkun göturýma.
- Umferðarflæði taki mið af fyrirliggjandi deiliskipulagi og bílakjallara sem verður undir byggingum.
- Byggingar verði hagkvæmar og falli að kostnaðarviðmiðum verkefnisins sbr. grein 2.6.3.

1.3 Tilhögun keppninnar

Samkeppni þessi er tveggja þrepa framkvæmdakeppni og er fyrra þrep opið fyrir alla þá sem uppfylla skilyrði keppnislýsingar þessarar, sbr. grein 3.1. Keppnin fer fram undir nafnleynd. Verkkaupi er fyrst og fremst að lýsa eftir grundvallarhugmyndum til lausnar á verkefninu í fyrra þrepi og samstarfsaðila um áframhaldandi hönnun bygginga að afloknu síðara þrepi. Verkkaupi stefnir að framkvæmd verksins í beinu framhaldi af samkeppni þessari.

- Í fyrra þrepi komi fram frumtillögur sem sýni hugmyndir að heildarskipulagi byggingarreits, meðferð núverandi bygginga á keppnissvæðinu og heildaryfirbragði bygginga.

Skilafrestur í fyrra þrepi er til 17. mars 2008. Að afloknu fyrra þrepi verða valdar allt að fimm lausnir til útfærslu í síðara þrepi.

- Stefnt er að því að síðara þrep hefjist 10. apríl 2008 og ljúki með skilum fyrir 10. júní 2008. Í úrvinnslu síðara þreps skal gert ráð fyrir að gerðar verði úrbætur og lagfæringar og komið verði til móts við athugasemdir og umsagnir dómnefndar frá fyrra þrepi. Hver þátttakandi í síðara þrepi fær umsögn um sína tillögu auk forsagnar síðara þreps. Nafnleynd verður ekki rofin fyrr en lokið verður að dæma tillögur úr síðara þrepi samkeppninnar.
- Gert er ráð fyrir að endanleg niðurstaða dómnefndar verði kynnt og verðlaun veitt í lok júní 2008. Stefnt er að því að ganga til samninga við höfund sem vinnur 1. verðlaun í síðara þrepi samkeppninnar. Gert er ráð fyrir að verðlaunahafi vinni að útfærslu verkefnisins og lokahönnun eftir að úrslit liggja fyrir.

Tillögur beggja samkeppnisstiga verða sýndar almenningi að keppni lokinni í samræmi við reglur Arkitektafélags Íslands, ásamt umsögnum dómnefndar um allar tillögur.

1.4 Sjónarmið dómnefndar

Við mat á lausnum mun dómnefnd leggja áherslu á eftirfarandi atriði í fyrra þrepi:

- Nálgun við markmið og helstu sjónarmið LHÍ sem fram koma í greinum 1.2 og 2.1.
- Aðlögun nýrra bygginga að umhverfi og borgarmynd. Skipulag lóðar, tengsl nýbygginga við aðliggjandi og núverandi byggingar á reitnum. Hvernig tekið er tillit til fjölbreytni mælikvarða og sögulegra einkenna byggðar í þessum hluta miðbæjarins.
- Heildaryfirbragð og tengsl almenningsrýma við umhverfið. Einfalda og góða aðkomu gangandi að miðrými skólans.
- Áhugaverðar rýmismyndanir í innri sem ytri rýmum.
- Innri rými myndi hlutlausan bakgrunn fyrir starfsemina, sbr. 2.1.
- Styrk bygginga sem mikilvægs aðseturs menningar í borgarmyndinni.
- Fagurfræði hvað varðar form, hlutföll og aðlögun að umhverfi.
- Sveigjanleika innra fyrirkomulags bygginga.
- Tekið verður tillit til hve umhverfisvænar og sjálfbærar byggingar eru á byggingarstigi og rekstrarstigi.
- Byggingakostnaður sé í samræmi við grein 2.6.3 og byggingar séu hagkvæmar í rekstri.

Auk ofangreindra sjónarmiða leggur dómnefnd áherslu á að keppendur kynni sér vandlega heftið „Menningarstefna í mannvirkjagerð - Stefna Íslenskra stjórnvalda í byggingarlist“ sem ríkisstjórn Íslands staðfesti í apríl 2007. Stefnan er opinber menningarstefna í mannvirkjagerð og felur í sér samþættingu margra hagsmuna um heildarhugsun í mótun, varðveislu, uppfræðslu og framþróun manngerðs umhverfis. Stefnan er hvatning til þess að leggja áherslu á gæði, fagmennsku og vandvirkni við alla mannvirkjagerð á vegum hins opinbera. Stefnuna er hægt að nálgast á slóðinni www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/.

1.5 Verðlaun

Verðlaun verða veitt að afloknu síðara þrepi. Stefnt er að því að veitt verði þrenn verðlaun að heildarfjárhæð kr. 8.000.000. 1. verðlaun verða eigi lægri en 50% af heildarverðlaunafé. Auk þess er dómnefnd heimilt að veita tillögum viðurkenningar að andvirði allt að 20% af heildarverðlaunafé.

Í síðara þrepi fá keppendur greiddar kr. 1.500.000 fyrir að skila inn tillögu sem uppfyllir skilmála keppinnar.

Verkkaupi hyggst nýta sér niðurstöðu samkeppninnar og reiknað er með að hugmynd sem hlýtur 1. verðlaun verði útfærð, sbr. 1.3. Verkkaupi áskilur sér rétt til þess að nýta hugmyndir úr öllum verðlaunuðum tillögum að teknu tilliti til höfundaréttar. Verkkaupi áskilur sér rétt til að hafna öllum tillögum sé dómnefnd sammála um að engin þeirra sé verðlaunahæf.

1.6 Höfundaréttur

LHÍ og Samson Properties ehf. öðlast afnotarétt af verðlaunuðum tillögum með þeim takmörkunum sem íslensk höfundalög kveða á um.

1.7 Tungumál

Tungumál samkeppninnar er íslenska. Öll keppnisgögn eru á íslensku. Öll gögn þátttakenda, þ.e.a.s. fyrirspurnir, greinargerð og útskýringar á teikningum við skil tillögu verði á íslensku. Fylgiskjöl eru á íslensku.

2 Lýsing verkefnis

2.1 Helstu sjónarmið Listaháskóla Íslands

Listaháskólinn kynnir sig sem vettvang fyrir nútímalega listsköpun og samfélag þar sem áhersla er lögð á að skerpa sköpunargáfu nemenda. Með starfsemi sinni vill hann taka virkan þátt í þjóðlífinu og tengja um leið íslenskan menningargrunn alþjóðlegu umhverfi lista og menningar með fjölbreyttum nemendahópi og samstarfi við erlenda listaháskóla.

Listaháskólinn vill vera í miðri hringiðu lista- og menningarlífs þjóðarinnar. Skólinn á erindi við alla landsmenn og verður sú miðstöð sköpunar og miðlunar sem fólk úr öllum stéttum og á öllum aldri á erindi við. Bókasafnið, tónlistarsalurinn, myndlistarsýningarnar, tiskan, leikhúsið, hönnunin og arkitektúrinn: allt á þetta erindi við fólkið í landinu, án tillits til þess hvort það telst til listamanna, fræðinga, áhugafólks eða almennings sem er forvitinn um þau svið mannlegrar hugsunar sem Listaháskólinn lætur sig varða.

Skólinn er byggður á hugmyndinni um flæði á milli listgreina. Hefðbundin akademísk listkennsla, með áherslu á sérkunnáttu, handverk og þjálfun, er þó engu að síður í heiðri höfð, og verður öll aðstaða til þeirra þátta eins og best verður á kosið í nýjum byggingum. Í Listaháskólanum tengjast listamenn úr mismunandi listgreinum í einstökum verkefnum og fræðimenn hafa þar sameiginlegan vettvang til rannsókna og vitsmunalegra samskipta. Skólinn hefur nú þegar skapað sér sterka stöðu á alþjóðavettvangi og er í auknum mæli litið til þeirrar hugmyndafræði sem hann starfar eftir.

Listaháskóli Íslands á að vera virkur þátttakandi í bæjarlífinu, mótandi, lífandi og gefandi afl fyrir allt samfélagið. Allt ytra yfirbragð og mótun húsnæðisins verður því að taka tillit til þessa hlutverks skólans.

Heildaryfirbragð skólans á að vera nútímalegt og skal endurspeglja þá grósku og fjölbreytni sem skólinn býr yfir. Forðast skal óþarfa skreyti og íburð. Skólinn þarf engu að síður að hafa greinilegt svipmót sem með skýrum hætti sker byggingar hans úr umhverfi sínu þannig að allir þekki til.

Í stað augljósra auðkenna sem tengjast listum með hefðbundnum hætti er mögulegt að byggingar beri með sér tilvísun til sviða sem í fyrstu sýnast alls óviðkomandi listum en þegar nánar er gáð, veitir skólanum sterka ásýnd.

Listaháskólinn á í nánu samstarfi við aðra háskóla á Íslandi, einkum þó Háskóla Íslands, og Háskólann í Reykjavík. Þá starfar hann með ýmsum helstu söfnum og listastofnunum þjóðarinnar. Ýmis konar starfsemi úti á landi fer ört vaxandi.

Sambætting starfseminnar við listalífið er skólanum nauðsynleg lyftistöng og reynslan sem nemendur fá í samneyti við listastofnanir er ómetanleg.

Með flutningi starfseminnar á einn stað má gera ráð fyrir að ýmis fyrirtæki og þjónustumiðstöðvar tengist skólanum enn betur, s.s. hönnunarstofur, kvikmyndastarfsemi, tónlistarver, auglýsingafyrirtæki, fjölmiðlar, útgáfufyrirtæki, kynningarmiðstöðvar lista, sjálfstæð fræðastarfsemi, og hvers konar nýsköpun á sviði skapandi atvinnugreina.

2.2 Byggingareitir og helstu stærðir

Samkvæmt þarfagreiningu Listaháskóla Íslands mun skólinn þurfa 15.500 m² (áætlað brúttóflatarmál) undir starfsemi sína. Samkvæmt samningi LHÍ og menntamálaráðuneytis hefur LHÍ tryggt sér fjármögnun fyrir 13.520 m² byggingu. Lögð er áhersla á að það hús rúmi alla kjarnastarfsemi skólans. Hins vegar telur skólinn nauðsynlegt að staðsetja gróf verkstæði utan meginbyggingar. Þar er horft til staðsetningar á Hverfisgötureit sem næst meginbyggingu skólans. Um er að ræða allt að 2.000 m² rými. Loks er gert ráð fyrir þeim möguleika að skólinn geti stækkað til viðbótar um 5.000 m² innan Hverfisgötureits.

Samkeppnin verði unnin með hliðsjón af fyrirliggjandi deiliskipulagi á skipulagsreitum keppnissvæðisins. Gert er ráð fyrir að vinningstillaga leiði til endurskoðunar deiliskipulags. Breytingar skipulags eru háðar samþykki borgaryfirvalda.

Keppnissvæðið tekur til hluta tveggja húsareita í miðbæ Reykjavíkur, eystri hluta Frakkastígsreits (nr. 1.172.1) og efri (syðri) hluta Hverfisgötareits (nr. 1.152.5). Allar lóðir og fasteignir innan svæðisins eru í eigu Samson Properties. Meginhluta starfsemi Listaháskólans er ætlaður staður á Frakkastígsreit, samtals 13.520 m² A-rými, þar sem u.þ.b. 10.500 m² eru ofanjarðar en u.þ.b. 3.000 m² eru neðanjarðar. Keppnissvæði á Frakkastígsreit er 3.007 m² en vakin er athygli á að keppnissvæði á jarðhæð er 2.927 m², þar sem hluti lóðar Hverfisgötu 60 nær út í götu.

Á Hverfisgötareit er gert ráð fyrir að staðsetja verkstæði og aðra sambærilega (grófa) starfsemi (allt að 2.000 m²) en jafnframt verði þar svigrúm til viðbótar stækkunar skólans (allt að 5.000 m²) sem yrði hluti annarrar uppbyggingar sem Samson Properties fyrirhugar á reitnum. Samtals er gert ráð fyrir allt að 11.000 m² A-rými, þar sem u.þ.b. 8.000 m² eru ofanjarðar en u.þ.b. 3.000 m² eru neðanjarðar. Keppnissvæði á Hverfisgötareit er samtals 2.873 m².

Loks skal gert ráð fyrir að allt að 200 bílastæði rúmist neðanjarðar á keppnissvæði beggja skipulagsreita, en þau bætast við ofangreind rými. Heimilt er að gera ráð fyrir samtengdri bílageymslu með einni aðkeyrslu og útkeyrslu til bílastæða.

Keppendur eru hvattir til að líta á mótun bygginga á báðum reitunum með skipulagslega heildarsýn í huga, ekki síst hvað varðar götmynd Hverfisgötu. Í fyrra þrepi samkeppninnar er nægilegt að gera grein fyrir megindráttum í mótun byggðar á Hverfisgötureit. Ekki er nauðsynlegt að sýna innra skipulag húsa sem þar eiga að rísa.

Utan keppnissvæðis sem að framan er lýst er keppendum heimilt að horfa til áhrifasvæðis á vestari hluta Frakkastígsreits, þar sem húsakynni kvikmyndahússins Regnbogans, sem eru í eigu Samson Properties ehf., gætu boðið upp á þróunarmöguleika á svæðinu. Þar geta nýbyggingar tengst bílastæðum og bakrýmum.

Samkeppnissvæði er skipt upp í eftirfarandi hluta:



1. Heildarsvæði (Gul punktalína)

Afmarkar ytri mörk tveggja deiliskipulagsreita sem taka til keppnissvæðisins. Tillögur munu snerta nýtingu þessara reita og tengsl þeirra meðfram Hverfisgötu.

2. Samkeppnissvæði (Appelsínugult svæði)
Aðalsvæði samkeppninnar sem inniheldur tvo hluta, sem munu rúma starfsemi Listaháskóla Íslands

A-hluti: Hús Listaháskóla Íslands

Helstu upplýsingar:

Meginbyggingar Listaháskóla Íslands.

Frakkastígsreitur (Skipulagsreitur 1.171.1)

Afmörkun: Laugavegur, Vatnsstígur, Hverfisgata, Frakkastígur

Keppnissvæði: Lóð 3.007 m²

Byggingamagn: 13.520 m² samtals A-rými, þar sem u.þ.b. 10.500 m² eru ofanjarðar og allt að 3.000 m² neðanjarðar.

B-hluti: Fjölnota hús að hluta til með aðstöðu fyrir LHÍ

Helstu upplýsingar:

Byggingar munu hýsa verkstæði og aðra sambærilega (grófa) starfsemi á vegum skólans, allt að 2.000 m². Húsnæðið þarf að auki að geta boðið upp á allt að 5.000 m² framtíðaraðstöðu fyrir Listaháskóla Íslands. Því er mikilvægt að það sé fjölnota og sveigjanlegt og hægt að nýta það undir hefðbundin verslana-, skrifstofu- og verkstæðarými. Einnig má koma fyrir íbúðum þar.

Hverfisgötureitur (Skipulagsreitur 1.152.5)

Afmörkun: Hverfisgata, Vatnsstígur, Frakkastígur, Lindargata

Keppnissvæði 2.873 m²

Byggingamagn: Allt að 11.000 m², A-rými, þar sem u.þ.b. 8.000 m² eru ofanjarðar og allt að 3.000 m² neðanjarðar.

Allt að 200 bílastæði skulu rúmast á A og B-hluta samkeppnissvæðis.

3. Áhrifasvæði (Grænt svæði)

Heimilt að sýna tengsl við samkeppnissvæði, sem skiptist í eftirfarandi hluta:

C-hluti: Húsnæði Regnbogans (undir yfirborðssvæði).

Möguleg tenging við hús Listaháskólans.

D-hluti: Yfirborðssvæði innan reits 1.171.1

Möguleg tengsl og nýting innan skipulagsreits.

E-hluti: Hverfisgata

Nýting göturýma meðfram Hverfisgötu.

Mögulegar tengibrýr milli A og B hluta samkeppnissvæðis.

F-hluti: Stúdentasvæði

Möguleg tengsl við norðurhluta skipulagsreitar og stúdentaíbúðir á svæðinu.

2.3 Umhverfi og samhengi

Keppnissvæðið liggur að Laugavegi, Frakkastíg og Hverfisgötu. Göturnar eiga sér ólíka sögu sem endurspeglast í byggðinni við þær.

Laugavegur var upphaflega lagður árið 1885 til að greiða fyrir umferð til austurs frá miðbænum. Á þeim kafla götunnar sem liggur að keppnissvæðinu ber mest á þrílyftum steinhúsum frá 3. áratug 20. aldar. Húsaröðin við Laugaveg 34 - 42 nýtur verndar sem fulltrúi þessa skeiðs. Nokkur timburhús byggð um og eftir 1900 standa inn á milli steinhúsanna.

Frakkastígur dregur nafn sitt af Franska spítalanum (Lindargötu 51). Gatan var lögð skömmu eftir aldamótin 1900. Andspænis keppnisreitnum austan götunnar er heilleg byggð lítilla timburhúsa (Frakkastígur 7 - 9, Hverfisgata 64 - 72).

Hverfisgata var í upphafi stígur innan Skuggahverfis milli Vatnsstígs og Vitastígs. Árið 1906 var hún lengd til vesturs, allt að Hafnarstræti. Byggðin við götuna er brotakennd, ein- og tvílyft timburhús innan um hærri steinbyggingar. Nær Kvosinni eru opinberar byggingar og virðuleg steinhús áberandi við götuna.

Í þróunaráætlun miðborgar Reykjavíkur er lögð áhersla á lifandi starfsemi á jarðhæðum húsa sem liggja að Laugavegi og öðrum helstu verslunargötum. Markmið borgaryfirvalda er að Laugavegurinn sé helsta verslunarsvæði miðborgarinnar og því beri að styðja við og bæta aðstæður fyrir smásöluverslun til að gatan haldi aðdráttarafli sínu. Jarðhæðarrými sem liggja að götu þurfa að hafa greiðan aðgang frá gangstétt og nýting þeirra þarf að styðja við fjölbreytt mannlíf og verslun í miðbænum.

Borgaryfirvöld leggja áherslu á að viðhalda sögulegu umhverfi og sérkennum Laugavegar sem mikilvægum þætti í því að auka aðdráttarafli hans. Ennfremur að myndað sé samhengi milli fortíðar og nútíðar í nýrri byggð þar sem varðveisla á byggingararfinum og efling byggingarlistar í samtímanum haldast í hendur. Nýbyggingar í miðbænum ber að hanna af næmni og tillitssemi við umhverfið þannig að ný byggð beri ekki ofurliði þann fínlega mælikvarða sem fyrir er.

Vakin er athygli á bókun skipulagsráðs Reykjavíkurborgar frá 28. júní 2006, sem er svohljóðandi: „Ráðið leggur einnig mikla áherslu á að lóðarhafar athugi sérstaklega útlit húsa við Laugaveg 41 og 45 og skoði möguleika á því að leyfa upprunalegru götumynd að halda sér.”

2.3.1 Frakkastígsreitur

Í gildi er deiliskipulag fyrir Frakkastígsreit sem samþykkt var í borgarráði 25. mars 2003. Þar er gert ráð fyrir mikilli uppbyggingu á þeim hluta sem samkeppnin tekur til.

Á Frakkastígsreit eru níu byggingar frá mismunandi tímasteiðum. Í forsendum verkefnisins er reiknað með að sex þeirra víki af núverandi stað: Frakkastígur 8 (1925), Hverfisgata 58 (1907), Hverfisgata 58A (1906), Hverfisgata 62, Laugavegur 41A (1906) og Laugavegur 45A. Á þeim hluta reitsins sem liggur að Laugavegi eru þrjú eldri hús: Laugavegur 41, 43 og 45. Keppendum er falið að móta hugmyndir um framtíð þeirra.

Laugavegur 41 er tvílyft timburhús, byggt 1898 og hækkað 1903. Húsið er reisulegt og hefur varðveist í upprunalegri mynd. Húsafriðunarnefnd ríkisins hefur nýverið samþykkt að leggja til friðun þess og nokkurra annarra húsa við Laugaveg sem talin eru hafa mikið gildi fyrir umhverfi götunnar og sögulega fjölbreytni byggðarinnar. Keppendur geta lagt til endurnýtingu hússins, stækkun, hækkun og/eða tengingu við aðrar byggingar á núverandi lóð eða að öðrum kosti komið með rökstudda hugmynd um flutning þess á verðugan stað innan samkeppnissvæðisins eða í næsta nágrenni þess.

Laugavegur 43 (Vínberíð) er þrílyft steinhús, byggt 1919. Í gildandi deiliskipulagi fyrir reitinn er gert ráð fyrir að húsið standi. Keppendur geta lagt til endurnýtingu hússins, stækkun, og/eða tengingu við nýbyggingu á núverandi lóð eða að öðrum kosti komið með rökstuddar hugmyndir að útfærslu.

Laugavegur 45 er tvílyft timburhús, byggt 1897. Húsið gæti mögulega staðið áfram sem hluti af götumynd Laugavegar. Keppendur geta lagt til endurnýtingu hússins, stækkun, hækkun og/eða tengingu við aðrar byggingar á núverandi lóð eða að öðrum kosti komið með rökstuddar hugmyndir að útfærslu.

2.3.2 Hverfisgötureitur

Í gildi er deiliskipulag fyrir reitinn sem samþykkt var í borgarráði 13. apríl 2004, með breytingu sem samþykkt var í borgarráði 17. nóvember 2005. Tillaga að breyttu deiliskipulagi með auknu byggingarmagni var lögð fram í nóvember 2005 en hefur ekki verið samþykkt.

Í húsakönnun Árbæjarsafns fyrir hluta Skuggahverfis frá árinu 2000 (LXXVII) er lagt til að eftirtalin fjögur hús á Hverfisgötureit njóti verndar á núverandi stað eða verði að öðrum kosti flutt til innan hverfisins: Frakkastígur 6A (1906), Hverfisgata 53 (1905), Vatnsstígur 8 (1900) og Vatnsstígur 10B (1903). Þrjú síðasttöldu húsin eru á samliggjandi lóðum. Keppendur geta lagt til endurnýtingu húsa, stækkun, hækkun og/eða tengingu við aðrar byggingar á núverandi lóð eða að öðrum kosti komið með rökstudda hugmynd um flutning þeirra á verðugan stað innan samkeppnissvæðisins eða í næsta nágrenni þess.

Ekki eru verndunarákvæði á öðrum húsum innan reitsins. Húsið Hverfisgata 59 er reisulegt þrílyft steinsteypuhús, byggt 1928 eftir

teikningum Finns Ó. Thorlaciusar húsameistara. Það mætti mögulega endurnýta og tengja nýrri byggð á reitnum.

2.4 Umferð og aðkoma

Keppnissvæðið tengist Laugavegi, Hverfisgötu og Frakkastíg. Strætisvagnar aka um Hverfisgötu og er keppnisreiturrinn í mjög góðum tengslum við almenningsamgöngur borgarinnar. Lögð er áhersla á að keppendur sýni fram á góðar lausnir varðandi aðkomu gangandi og hjólandi vegfarenda og aðlaðandi hjólastæðum/hjólageymslum. Listaháskólanum er ætlað að laða til sín gangandi umferð sem á leið hjá honum.

Gera skal ráð fyrir aðkomu bifreiða að almenningsvæði, þar sem hægt verði að stöðva bíla fyrir hreyfihamlaða farþega sem erindi eiga í Listaháskólann. Gert er ráð fyrir allt að 200 bílastæðum neðanjarðar. Einnig þarf að gera ráð fyrir aðkomu með vöruflutninga, sérstaklega vegna aðfanga fyrir gróf verkstæði og mötuneyti skólans. Aðkoma þarf að vera í samræmi við kröfur þarfagreiningar og húsrýmisáætlunar skólans.

2.5 Veðurfar

Taka skal tillit til Íslenskrar veðráttu og legu landsins, t.d. hvað varðar lengd dags og sólstöðu. Vísað er til deiliskipulags um veðurfar. Þess skal getið að svæðið er opið fyrir norðlægum áttum sem eru ríkjandi á sólríkum dögum. Sjá meðfylgjandi vindrósir, mælingar á flugvallarsvæði.

2.6 Hús Listaháskóla Íslands

2.6.1 Þarfagreining - starfsemislýsing

Húsrýmis- og starfsemislýsing LHÍ kemur fram í þarfagreiningu skólans og er hluti af keppnisgögnum í fyrra þrepi samkeppninnar. Jafnframt er keppendum bent á ítarlegri þarfagreiningu fyrir LHÍ sem er hluti af fylgiskjölum til upplýsinga á fyrra þrepi samkeppninnar og er jafnframt hluti af keppnisgögnum á síðara þrepi samkeppninnar.

2.6.2 Rýmislýsing

Í sérstöku fylgiskjali með keppnislýsingu þessari er húsrýmisáætlun fyrra þreps samkeppni um nýbyggingu Listaháskóla Íslands. Þar er húsnæðinu skipt upp eftir starfsemi og staðsetningu. Allar stærðir húsrýmisáætlunar eru nettótölur Veggir, stigahús, lyftustokkar, lóðréttar lagnaleiðir og umferðarrými eru ekki talin með í fermetratölum, enda háð grunnlausn hvernar tillögu. Í fyrra þrepi er gerð krafa til þess að keppendur geri grein fyrir aðkomu, aðlögun að nærliggjandi byggð og sýni innra skipulag og ytra útlit í grófum dráttum til samræmis við

húsrýmisáætlun og þarfagreiningu fyrra þreps. Rými sem staðsetja má á Hverfisgötureit, B - hluta samkeppnissvæðis eru sérstaklega tilgreind.

Í síðara þrepi samkeppninnar þurfa keppendur að taka fullt tillit til þarfagreiningar (húsrýmisáætlunar) eins og hún birtist í fullri lengd, og hægt er að nálgast á vefslóð keppninnar. Þar munu keppendur vinna frekar úr hugmyndum sínum, þar sem höfuðáhersla verður lögð á lausn innra fyrirkomulags, ásamt tengingum á milli einstakra rýma. Þar gera höfundar jafnframt nánari grein fyrir útliti, efnisvali og uppbyggingu skólans.

Yfirlit yfir rými:

- 100 - 1 til 4 Listflutningur 1.331 m²
- 100 - 5 Þjónusturými 1.740 m²
- 200 - 1 og 2 Sameiginleg rými 669 m²
- 200 - 3 Verkstæði 2.010 m² (þar af 1.542 m² sem staðsetja má á Hverfisgötureit, B - hluta samkeppnissvæðis)
- 400 - Hönnunar- og arkitektúrdeild 1.561 m²
- 500 - Leiklistardeild 1.744 m²
- 600 - Myndlistardeild 1.940 m² (þar af 390 m² sem staðsetja má á Hverfisgötureit, B - hluta samkeppnissvæðis)
- 700 - Tónlistardeild 974 m²
- Samtals nettóflatarmál: 11.969 m²

2.6.3 Kostnaðarviðmið

Tekið skal mið af kostnaðarviðmiðum í samningi Listaháskólans og Samson Properties þar sem stofnkostnaðar byggingar skólans er áætlaður 240.000 kr/m² á verðlagi byggingarvísitölu í október 2007. Í stofnkostnaði felst allur byggingarkostnaður skólahúsnæðisins, ásamt föstum innréttingum og raf-, vatns-, hita- og skólplögnum, þróunar-, undirbúnings- og hönnunarkostnaður, þ.m.t. allur kostnaður af framkvæmd hönnunarsamkeppninnar, kostnaður af framkvæmd útboðs verkframkvæmda, stjórnun, eftirliti og fjármögnun, svo og allur annar kostnaður áður ótalinn, sem nauðsynlegur er til þess að skila byggingunni á byggingarstigi 7 (fullgerð bygging) skv. staðlinum ÍST 51:2001 um byggingarstig húsa. Kostnaður vegna bílageymslu er ekki meðtalinn í framangreindri fjárhæð fyrir kostnaðarviðmið.

3 Tæknileg tilhögun samkeppninnar

3.1 Réttur til þátttöku

Þátttaka er öllum heimil að undanskildum dómnefndarmönnum, ritara dómnefndar, trúnaðarmanni og ráðgjöfum dómnefndar, einnig þeim sem rekur teiknistofu með þessum aðilum, vinnur að verkefnum með þeim eða er þeim nátengdur. Vafatílfelli skal bera undir stjórn Arkitektafélags Íslands.

Þeir þátttakendur sem valdir verða til þátttöku í síðara þrepi keppninnar og hafa ekki leyfi til að leggja aðaluppdrætti fyrir skipulags- og byggingarsvið Reykjavíkur skulu tryggja sér löggiltan samstarfsaðila.

3.2 Samkeppnisgögn

Keppnislýsing þessi fæst afhent frá og með 16. janúar 2008 á skrifstofu Arkitektafélags Íslands Engjateigi 9, 2.hæð, á milli 09:00 – 13:00 virka daga. Keppnislýsinguna er einnig að finna á vefsíðunni www.ai.is.

Keppendur skrá sig til þátttöku á skrifstofu Arkitektafélags Íslands og fá þar með aðgang að vefsvæði með öðrum keppnisgögnum gegn greiðslu skráningargjalds kr. 5.000.

Trúnaðarmaður endurgreiðir skráningargjaldið gegn framvísun kvittunar innan skilafrests fyrra þreps. Skráningargjald verður ekki endurgreitt eftir skiladag, 17. mars 2008.

Við skráningu skal fylla út samskiptamiða með nafni tengiliðar viðkomandi hönnuðar eða hönnunarhóps. Á miðanum komi fram, auk nafns, heimilisfang, sími og netfang. Öll samskipti meðan á samkeppninni stendur fara fram á milli trúnaðarmanns og þessa tengiliðar. Einungis þeir sem hafa skráð sig hafa aðgang að öðrum samkeppnisgögnum en keppnislýsingu, sem og fyrirspurnum og svörum við þeim.

Fyrri þrep:

Keppnisgögn eru:

1. Keppnislýsing þessi.
2. Tölvutækir kortagrunnar af svæðinu með hæðarlínunum og uppréttum loftmyndum.
3. Ljósmynd af samkeppnissvæðinu og nærliggjandi byggingum.
4. Prívíddarmódel af keppnissvæðinu og nánasta umhverfi.
5. Teikning af grunnplatta til innsetningar í módel Reykjavíkurborgar.
6. Parfaggreining (húsrýmis- og starfsemislýsing LHÍ) vegna fyrra þreps samkeppninnar.

Fylgiskjöl eru:

1. Fyrirliggjandi deiliskipulög af skipulagsreitum keppnissvæðis.

2. Rýmisáætlun (ítarlegri þarfagreining) LHÍ.
3. Vindrósir.

Síðara þrep:

Keppnisgögn eru:

1. Keppnislýsing ásamt dómnefndarniðurstöðu úr fyrra þrepi samkeppninnar ásamt umsögn um tillögu sína sem valin er til þátttöku í síðara þrepi keppninnar. Þátttakendur fá ekki að sjá umsagnir dómnefndar um aðrar tillögur en sína eigin.
2. Rýmisáætlun (ítarlegri þarfagreining) LHÍ.
3. Önnur gögn sem kunna að reynast heppileg fyrir frekari útfærslu.

3.3 Samkeppnistillögur

Fyrra þrep:

Keppendur skulu skila eftirtöldum gögnum í fyrra þrepi útprentuðum sem hér segir:

1. Afstöðumynd í mælikvarðanum 1:1000 sem sýnir keppnissvæðið og mögulegar tengingar við nánasta umhverfi.
2. Grunnmyndum sem sýna helstu svæði og tengingar, útlit og sneiðingar í mælikvarðanum 1:500.
3. Fjarvíddarmyndum að vali keppenda.
4. Greinargerð, allt að 1.000 orð, þar sem lýst er megininntaki og markmiðum tillögunnar, efnisnotkun og helstu upplýsingum um stærðir. Greinargerðin skal vera á tillöguuppdráttum, en henni skal einnig skilað í átta eintökum í arkarstærðinni A4 ásamt smækkuðum afritum uppdrátta í stærðinni A3.
5. Massalíkönnum í mælikvarðanum 1:500 er sýni heildarform bygginga á Frakkastígs- og Hverfisgötum. Líkönin séu í hvítum, möttum lit, sett á grunnplatta í réttri stærð (sjá samkeppnisgögn grein 3.2 og vefsvæði A-5) sem fella má inn í heildarlíkan Reykjavíkurborgar af miðbænum Miðbæjarlíkanið verður keppendum aðgengilegt á samkeppnistímanum. Nánari upplýsingar veitir Jóhannes S. Kjarval arkitekt á skipulagssviði Reykjavíkurborgar.

Teikningar í fyrra þrepi skulu vera allt að tvö blöð í stærð A1 (59,4 cm x 84,1 cm) á ógegnsæjum pappír og upplímdar á spjöld. Allur texti skal vera ritaður á vélrænan hátt. Gera skal grein fyrir uppröðun miðað við að spjöld myndi tvöfalda röð í hæð.

Keppnistillögum skal einnig skilað á geisladiski sem PDF skjali af hverju spjaldi. Ritari og/eða trúnaðarmaður sjá til þess að afmá hugsanlegar bakmerkingar á PDF skjölum.

Síðara þrep:

Keppendur skulu skila eftirtöldum gögnum í síðara þrepi útprentuðum sem hér segir:

1. Afstöðumynd í mælikvarðanum 1:500 sem sýnir keppnissvæðið og tengingar við nánasta umhverfi.
2. Grunnmyndum sem sýna helstu svæði og tengingar, útlit og sneiðingar í mælikvarðanum 1:200.
3. Fjarvíddarmyndum að vali keppenda.
4. Greinargerð, allt að 1.000 orð, þar sem lýst er megininntaki og markmiðum tillögunnar, efnisnotkun og helstu upplýsingum um stærðir. Greinargerðin skal vera á tillöguuppdráttunum, en henni skal einnig skilað í átta eintökum í arkarstærðinni A4 ásamt smækkuðum afritum uppdrátta í stærðinni A3.

Teikningar í síðara þrepi skulu vera allt að sex blöð í stærð A1 (59,4 cm x 84,1 cm) á ógegnsæjum pappír og upplímdar á spjöld. Allur texti skal vera ritaður á vélrænan hátt. Gera skal grein fyrir uppröðun miðað við að spjöld myndi tvöfalda röð í hæð. Keppnistillögum skal einnig skilað á geisladiski sem PDF skjali af hverju spjaldi. Ritari og / eða trúnaðarmaður sjá til þess að afmá hugsanlegar bakmerkingar á PDF skjölum.

Gögn umfram það sem óskað er eftir verða ekki tekin til dóms sbr. 10.gr. samkeppnisreglna Arkitektafélags Íslands.

3.4 Fyrirspurnir

Fyrirspurnir á fyrra þrepi samkeppninnar skulu berast trúnaðarmanni dómnefndar á netfangið harh@simnet.is í síðasta lagi 12. febrúar 2008 kl. 23:59 að íslenskum tíma og mun hann leggja afrit af þeim fyrir dómnefndina. Stefnt er að því að svör við fyrirspurnum liggi fyrir í síðasta lagi 18. febrúar 2008. Listi með fyrirspurnum og svörum dómnefndar við þeim verður birtur á vefsíðu keppninnar og tilkynning send tengilið hvers teymis á það netfang sem upp er gefið í upphafi samkeppninnar.

3.5 Skilafrestur, merking og afhending tillagna

Tillögur skal merkja og afhenda sem hér segir:

- Tillögum í fyrra þrepi skal skila til trúnaðarmanns, Haraldar Helgasonar, á skrifstofu Arkitektafélags Íslands Engjateig 9, 2.hæð, 105 Reykjavík, eigi síðar en hinn 17. mars 2008 kl. 17:00 að íslenskum tíma. Trúnaðarmaður tekur á móti tillögum milli kl. 14:00 og 17:00 þann dag en þeir sem óska eftir að skila tillögum fyrir þann tíma skulu hafa samráð við trúnaðarmann. Við afhendingu tillögu til trúnaðarmanns fær keppandi kvittun merкта auðkennistölu tillögunnar. Aðsendar tillögur skulu sendar til trúnaðarmanns, sjá lið 3.7. Nægilegt er að tillögum sé komið í hraðpóst fyrir lok skilafrests,

enda skal vottorð um það frá hlutaðeigandi afgreiðslu sent í tölvupósti til trúnaðarmanns. Í tilkynningunni skal koma fram auðkennistala tillögunnar. Tillögum verður ekki veitt viðtaka síðar en fimm virkum dögum eftir að skilafrestur rennur út.

- Auðkenna skal öll tillögugögn með sex stafa tölu í 2x5 cm reit í hægra horni að neðan. Ógegnsætt umslag merkt sömu tölu og orðinu „nafnamiði“ skal fylgja tillögunni. Í umslaginu skal vera miði með nafni, heimilisfangi, símanúmeri og tölvufangi höfunda(r) og samstarfsmanna.
- Ófrávíkjanleg skilyrði þess að tillögu sé veitt viðtaka og hún dæmd eru að henni sé skilað á réttum tíma og nafnleyndar sé gætt skv. samkeppnisreglum Arkitektafélags Íslands.

Stefnt er að því að síðara þrep hefjist 10. apríl 2008 og ljúki með skilum fyrir 10. júní 2008..

3.6 Dómnefnd, ritari dómnefndar og ráðgjafar

Dómnefndarfulltrúi tilnefndur af Listaháskóla Íslands:
Hjálmar H. Ragnarsson

Dómnefndarfulltrúi tilnefndur af Samson Properties ehf:
Jón Ágúst Pétursson

Dómnefndarfulltrúi tilnefndur af menntamálaráðuneyti:
Karitas H. Gunnarsdóttir

Dómnefndarfulltrúar tilnefndir af Arkitektafélagi Íslands:
Jóhannes Þórðarson
Anna Kristín Hjartardóttir

Ritari dómnefndar:
Eyrún Magnúsdóttir

Ráðgjafar dómnefndar:
Birgir Sigurðsson skipulagsfræðingur, skipulagsstjóri
Reykjavíkurborgar.

Dómnefnd áskilur sér rétt til að kalla inn sérfróða ráðgjafa, innlenda sem útlenda, eftir því sem þurfa þykir og verður keppendum tilkynnt um nöfn þeirra af trúnaðarmanni, ef svo ber við.

3.7 Trúnaðarmaður

Tilnefndur af Arkitektafélagi Íslands:
Nafn: Haraldur Helgason, arkitekt FAÍ
Heimili: Hvassaleiti 74, 103 Reykjavík
Sími: +354 568 2707
GSM: +354 897 6874
Netfang: harh@simnet.is

3.8 Úrslit

Áætlað er að dómnefnd ljúki störfum í júní 2008. Við lok fyrra þreps verða öllum keppendum sendar upplýsingar um hvort þeir eru valdir til þátttöku í síðara þrepi án þess að nafnleynd verði rofin. Þátttakendum á síðara þrepi verður send umsögn um eigin tillögu og nánari forsögn síðara þreps. Við lok keppinnar verður nafnleynd rofin og umsagnir dómnefndar sendar keppendum. Öllum tillögum sem teknar eru til dóms verður gefin umsögn.

Fréttatilkynning um úrslit verður birt í fjölmiðlum. Í henni kemur fram hvaða tillaga/tillögur eru valdar til útfærslu og hverjir eru höfundar þeirra.

3.9 Sýning

Haldin verður sýning á öllum keppnistillögum sem uppfylla skilyrði keppinnar við fyrsta tækifæri eftir að dómnefnd hefur lokið störfum. Tillögurnar verða sýndar undir nafni höfunda.

Verkkaupi mun gefa út í sérriti heildarumsögn um keppnina og umsögn um allar tillögur sem teknar verða til dóms. Verkkaupi öðlast rétt til slíkrar útgáfu án þess að greiða höfundum tillagna sérstaklega fyrir útgáfuréttinn.

3.10 Hagnýting keppnistillagna

Verkkaupi öðlast afnotarétt af verðlaunatillögunum með þeim takmörkunum sem íslensk höfundalög setja. Stefnt er að því að ganga til samninga við það teymi sem hlýtur 1. verðlaun og að það teymi vinni áfram í nánú samstarfi við verkkaupa að hönnun bygginga og skipulagningu svæðisins.

Ef ekki næst samkomulag milli verkkaupa og 1. verðlaunahafa skal dómnefnd fjalla um málið og skila sérstöku álitum þar að lútandi. Falli verkkaupi frá frekari áformum um að framkvæma skv. tillögunni sem hlýtur 1. verðlaun, eða óski verkkaupi að ráða aðra til verksins en dómnefnd hefur mælt með skal greiða 1. verðlaunahafa bætur vegna verkefnissmissis, sem nema upphæð 1. verðlauna.

3.11 Afhending keppnistillagna

Að lokinni sýningu geta eigendur tillagna sem ekki hljóta verðlaun eða viðurkenningu sótt tillögur sínar á skrifstofu Arkitektafélags Íslands að Engjateigi 9, 105 Reykjavík. Keppendur vitji tillagna sinna innan 40 daga eftir að sýningu lýkur. Eftir þann tíma ber verkkaupi ekki lengur ábyrgð á tillögunum..

3.12 Samþykki keppnislýsingar

Keppnislýsing þessi ásamt samkeppnisreglum Arkitektafélags Íslands er grundvöllur keppninnar. Keppnislýsingin er samþykkt af útbjóðanda keppninnar, stjórn Arkitektafélags Íslands og dómnefndarmönnum.

Reykjavík, 16. janúar 2008.

Fyrir hönd Listaháskóla Íslands

Hjálmar H. Ragnarsson rektor

Fyrir hönd Samson Properties ehf.

Ágúst H. Leósson stjórnarmaður

Það staðfestist hér með að keppnislýsing þessi er unnin samkvæmt samningi Arkitektafélags Íslands og Samson Properties ehf. og er í samræmi við samkeppnisreglur Arkitektafélags Íslands

Sigríður Magnúsdóttir, formaður Arkitektafélags Íslands

Dómnefnd samþykkir að dæma eftir keppnislýsingu þessari:

Hjálmar H. Ragnarsson rektor Listaháskóla Íslands, formaður

Jón Ágúst Pétursson verkefnisstjóri Samson Properties

Karitas H. Gunnarsdóttir skrifstofustjóri
skrifstofu menningarmála menntamálaráðuneytis

Jóhannes Þórðarson arkitekt FAÍ

Anna Kristín Hjartardóttir arkitekt FAÍ